



Stallari (Lions tamer)

Kjörtímabil 1 ár. Á sæti í stjórn klúbbsins sem meðstjórnandi.


Hlutverk Stallari hefur yfirumsjón með eignum klúbbsins.

Aðgerðir til árangurs

- Stallara ber að hafa umsjón með öllum áhöldum klúbbsins sem notuð eru á fundum. Má þar nefna fánaborg, bjöllu, hamar og Lionsfána. Áhöldin eiga að vera á sínum stað á borðum eða í fundarsal í upphafi fundar.
- Stallara ber að sjá til þess að ritari leggi fram gestabók í upphafi fundar.
- Sé enginn minjavörður í klúbbum er æskilegt að stallari hafi umsjón með munum og gögnum klúbbsins sem ekki þarf að hafa við hendina á fundum.
- Stallari hefur eftirlit með veitingum á fundum sé það ekki í höndum einhvers annars, sem oft er.
- Stallari er ábyrgur fyrir sætaskipan og hvort gestum þurfi að koma fyrir við háborðið. Hann ætti að sjá um að rótera sætum og brjóta öðru hverju upp hefðbundna sætaskipan. Hann þarf að fylgjast með nýliðum, sjá til þess að þeir fái nýja borðfélaga og séu ekki útundan.
- Stallari dreifir blöðum og því sem þarf að dreifa á fundum.
- Það er æskilegt að stjórnin skipi varastallara þar sem fundur getur raskast verulega forfallist stallari.

Uppstilling borða á fundi og sætaskipan

Hér verður sýnt dæmi um sætaskipan stjórnenda klúbbs og hreyfingar út frá uppröðun borða. Tekið skal fram að dregið hefur úr því að fylgt sé reglum sem hér eru taldar en sjálfsögð kurteisi er að gestir sitji næst formanni á fundum.



Uppstilling borða á Lionsfundum fer eftir ákveðnum reglum og er mikilvægt að eftir þeim sé farið.

- U-laga uppstilling er nauðsynleg í stærri klúbbum og er þá setið beggja vegna borðsins.
- T-laga uppstilling nægir í minni klúbbum og er þá einnig setið beggja vegna borðsins.
- O-laga uppstilling getur verið ágætis tilbreyting í minni klúbbum.

Það getur verið erfitt að láta fund fara vel fram ef setið er við laus borð eins og algengt er í mat- eða veitingasölum. Borð verður að færa til eftir þörfum klúbbfundarins.

Niðurröðun í sæti fer einnig fram eftir ákveðnum reglum. Sjá númer á myndinni hér á undan:

1: siðameistari, 2: gjaldkeri, 3: fyrrverandi formaður,
4: formaður, 5: varaformaður, 6: ritari og 7: stallari.

Þegar umdæmisstjóri mætir á klúbbfundum situr hann til hægri við formann (í sæti 3) hið sama á við um svæðisstjóra eða aðra embættismenn umdæmis eða fjölumdæmis þegar þeir mæta á fund hjá einhverjum klúbbi í embættiserindum.

Mæti fleiri en einn stjórnandi Lions, í erindagjörðum sem tengjast stöðu hans, á sama klúbbfundum þá taka þeir sæti 3, 5, 2 og 6 eftir fjölda þeirra. Þeir í klúbbstjórn sem ella hefðu skipað þessi sæti færast til á önnur sæti, en þá sem næst háborði.